



Reykjavík, 5. júní 2025

USK24100252

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 3.6.2025 varðandi eftirfarandi mál:

Laugardalur - Breyting á deiliskipulagi vegna skólaþorps við Reykjaveg

Lögð fram fundargerð borgarráðs frá 15. maí 2025.

6. liður fundargerðarinnar, Laugardalur – breyting á deiliskipulagi vegna skólaþorps við Reykjaveg, er samþykktur með 17 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins, Viðreisnar og Vinstri grænna gegn sex atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun undir 6. lið fundargerðar borgarráðs frá 15. maí:

Laugardalur – breyting á deiliskipulagi vegna skólaþorps við Reykjaveg: Með þessari breytingu verður lóð sem áður var skilgreind fyrir tímabundið leikskólaúrræði í formi ævintýraborgar þess í stað gerð að lóð fyrir skólaþorp. Um er að ræða tímabundið grunnskólaúrræði sem nýtt yrði til þess að lágmarka rask fyrir nemendur og foreldra meðan unnið er að nauðsynlegum endurbótum á grunnskólahúsnæði hverfisins. Með þessu er verið að forgangsraða í þágu barna hverfisins og tryggja að húsnæði skóla í Laugardal sé komið í gott og heilsusamlegt horf, til að bæta innivist og vellíðan nemenda og kennara við skólana. Einn af öðrum munu nemendurnir fá inni í skólaþorpinu á meðan byggingarnar eru gerðar upp, en með þessari ráðstöfun munu nemendur ekki þurfa að fara í skóla utan hverfis, mögulega árum saman, meðan unnið er að úrbótum. Það er mikilvægt sjónarmið fyrir svona veigamikla og nauðsynlega framkvæmd sem ekki þolir frekari bið.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Afrit:

Skóla- og frístundasvið



Reykjavík